



Erindisbréf

Starfshóps um húsnæðimál Grunnskóla Hornafjarðar

Bæjaráð samþykkti að unnið yrði erindisbréf fyrir starfshóp um húsnæðismál Grunnskóla Hornafjarðar (GH) á fundi sínum þann 25. mars 2025.

Hlutverk og helstu verkefni starfshópsins:

Hlutverk hópsins er að leggja mat á núverandi húsnæði GH m.t.t. starfseminnar. Meta framtíðarhúsnæðisþörf, þörf á endurbótum og skila skýrslu þar um til bæjarstjórnar.

Starfshópurinn:

- Gerir úttekt á stöðu núverandi húsnæðis GH
- Leggur mat á framtíðarþörf húsnæðis og aðstöðu fyrir GH
- Gerir tillögur að forgangsöröðun framkvæmda (nýframkvæmdir og endurbætur)

Niðurstöður hópsins nýtast bæjarstjórn til stefnumarkandi ákvarðana um framkvæmdir í sveitarfélaginu á næstu árum.

Ábyrgðarmaður

Þórgunnur Torfadóttir sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs

Starfshópurinn skipa

- Skólastjóri Grunnskóla Hornafjarðar (1).
- Fulltrúar starfsmanna frá Grunnskóla Hornafjarðar, einn úr hvoru húsi (2).
- Fulltrúi foreldra úr skólaráði (1).
- Fulltrúi nemenda úr skólaráði (1).
- Fulltrúi frá umhverfis- og framkvæmdasviði (1).
- Fulltrúar fræðslu- og frístundanevndar, einn úr hverju framboði (3).

Starfstími

Starfshópurinn starfar eftir þörfum frá 15. september 2025 til 1. febrúar 2026 og skilar af sér skýrslu um starfið í lok starfstíma.

Fundargerðir skulu lagðar fyrir fræðslu- og frístundanevnd og bæjarráð.

Ráðgjöf og samstarf

Til grundvallar vinnu starfshópsins verður lögð áhersla á víðtækt samráð og mun hópurinn kalla til þá aðila sem þörf er á.

Hæfi og þagnarskylda

Um hæfi fulltrúa starfshópsins gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 17. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Um þagnarskyldu fulltrúa í starfshópnum vísast til 19. gr. í samþykktum um stjórn og fundasköp sveitarfélagsins.



Þóknun

Þóknun til kjörinna fulltrúa greiðist samkvæmt 8. gr. samþykktar um kjör fulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna funda og ráðstefna. Þeir fulltrúar sem eru starfsmenn sveitarfélagsins fá ekki greitt fyrir fundarsetu ef fundað er á starfstíma. Aðrir fá ekki sérstaklega greitt fyrir fundarsetu enda koma þeir að vinnunni sem fulltrúar hagsmunahóps s.s. foreldra eða annarra aðila.

Erindisbréf þetta var samþykkt í bæjarráði 19. ágúst 2025.

Sigurjón Andrésson

Bæjarstjóri